

Vinnslu- og rannsóknarholur í Hverahlíð II og Meitlum (suður), Sveitarfélaginu Ölfusi

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 11. desember 2023 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur vegna vinnslu- og rannsóknarhola í Hverahlíð og Meitlum suður í Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Borun vinnslu- og rannsóknarhola eru tilkynningarskyldar framkvæmdir sem falla undir ákvæði t.l. 2.04 en Orkuveita Reykjavíkur fór þess á leit við Skipulagsstofnun að vinnslu- og rannsóknarholur við Hverahlíð II og Meitla færu beint í mat á umhverfisáhrifum, sbr. heimildarákvæði 2. m.gr. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í því sambandi ber að líta til þess að stofnunin tók ákvörðun um matskyldu þriggja rannsóknarborhola á tveimur borteigum við Litla-Meitol árið 2007 og komst að þeirri niðurstöðu að þær framkvæmdir væru matskyldar. Borteigar og borholur voru þó umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í tilfelli fyrirhugaðra rannsóknarborana.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfus, Hveragerðisbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Lands og skóga, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar um matsáætlun framkvæmdaraðila.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 13. desember 2023 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 13. desember 2023 til 22. janúar 2024.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Vinnslu- og rannsóknarholur í Hverahlíð II og Meitlum (Suður), Sveitarfélaginu Ölfusi. Orkuveita Reykjavíkur og VSÓ Ráðgjöf. Matsáætlun. Umhverfismat framkvæmdar, desember 2023.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi þann 4. janúar 2024.
- Hveragerðisbæ þann 9. febrúar 2024.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 22. janúar 2024.
- Landi og skógum þann 22. janúar 2024.
- Minjastofnun Íslands þann 31. janúar 2024.
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 22. janúar 2024.
- Orkustofnun þann 22. janúar 2024.
- Umhverfisstofnun þann 22. janúar 2024.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 6. febrúar 2023.



3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Orkuveitu Reykjavíkur um borun vinnslu- og rannsóknarhola í Hverahlíð og Meitlum suður og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áform Orkuveitu Reykjavíkur felast í borun á nýju vinnslusvæði, Hverahlíð II, sem er næst núverandi vinnslusvæði en nýja svæðið kemur til með að verða uppbótarsvæði fyrir Hellisheiðarvirkjun. Til viðbótar við vinnsluholurnar er fyrirhugað að bora grannar rannsóknarholur bæði í Hverahlíð II og Meitlum (suður) með það að markmiði að kanna hvort vinnanlegur jarðhiti sé til staðar á þeim svæðum í Henglinum þar sem jarðvísindagögn benda til að jarðhita gæti verið að finna.

Endanleg staðsetning eða fjöldi rannsóknar- og vinnsluhola liggur ekki fyrir á þessu stigi en gert er ráð fyrir að boraðar verði a.m.k. 5 holur í Hverahlíð II, og 3-4 rannsóknarholur í Meitlum (suður). Rannsóknarholurnar verða svokallaðar grannholur sem eru bæði grennri (6" í vinnsluhluta) og grynnri (1.200 til 1.500 m) en vinnsluholurnar (8 1/2" til 12 1/4" á vídd og 2.000 til 2.500 m djúpar). Vinnsluholurnar krefjast einnig stærra borplana (3.600 m² - 4.200 m² í stað 1.300 m²), auk þess sem leggja þarf varanlegar lagnir frá borplönunum slíkra hola. Helstu framkvæmdaþættir, bæði hvað varðar rannsóknarholur og vinnsluholur, eru uppbygging borplana, lagning skolvatnslagna að borplani, borun og afkastamæling borhola, förgun affallsvökva, lagning aðkomuvega og lagna að borplönunum, efnistaka og frágangur.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar Orkuveitu Reykjavíkur.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að skilgreind hafi verið samtals 13 borplön við Hverahlíð II og 7 borplön við Meitla og skilgreint athugunarsvæði utan um plönin sem verði til skoðunar í umhverfismati. Ákvörðun um hvaða rannsóknarholur verða boraðar (fjöldi og staðsetningar) mun ráðast á framkvæmdatíma. Á þessu stigi er gert ráð fyrir að boraðar verði a.m.k. 5 holur í Hverahlíð II, og 3-4 rannsóknarholur í Meitlum (suður).

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á ósamræmi milli fjölda borplana í texta og mynda af plönunum og lögð áhersla á að út frá verndarsjónarmiði sé mikilvægt að fjöldi og staðsetning rannsóknarborhola liggi ljós fyrir í umhverfismatsskýrslu því rannsóknarborholunum mun fylgja mikið rask á yfirborði svæðisins, s.s. vegna vegslóða, borplana, lagna og pytta, sem



geta haft veruleg áhrif á verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask jarðmyndana og vistkerfa sem falla undir sérstaka vernd sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir verði skoðaðir. Ef gert er ráð fyrir röskun á þeim þurfi að rökstyðja þá ákvörðun út frá ákvæðum greinarinnar um brýna nauðsyn auk þess að gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Í svörum Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á ólíkar staðsetningar rannsóknarborhola og áhrif þeirra borin saman, m.a. með tilliti til áhrifa á vatnsvernd, landslag og með tilliti til áhrifa á fyrrnefnd vistkerfi og jarðmyndanir. Gert er ráð fyrir að niðurstöður umhverfismats verði notaðar til hliðsjónar ákvörðun um í hvaða röð holurnar verði boraðar. Í umhverfismatsskýrslu verður nánar gerð grein fyrir rökstuðningi um brýna nauðsyn vegna rasks sem verður á vistkerfum og jarðmyndunum sem njóta sérstakrar verndar.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar, sbr. ábendingar sem fram koma í ofangreindum umsögnum. Varðandi borholur við Hverahlíð II er gert ráð fyrir að leggja mat á alls 13 staðsetningar og að boraðar verði 5 holur en á svæðinu við Meitla suður, þ.e. við Stóra-Meiti og Litla-Meiti er gert ráð fyrir að meta 7 valkosti og að boraðar verði 3-4 holur. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áform Orkuveitunnar um skoðun og mat mismunandi valkosta en tekur undir mikilvægi þess að skoða valkosti um staðsetningu borplana með það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga eins og kostur er úr raski jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar. Þá bendir Skipulagsstofnun á að í umhverfismatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um hvort að tveir af þeim fjórum valkostum á staðsetningu borplana við Litla-Meiti séu ekki þeir sömu og voru til umfjöllunar í tilkynningarskylduferlinu árið 2007.

Fuglar, gróðurfar og vistgerðir

Í matsáætlun kemur fram að RORUM ehf hafi verið fengið til að vinna úttekt á fuglalífi á áhrifasvæði framkvæmda og gera grein fyrir mikilvægi svæðisins fyrir fuglalíf. Ennfremur kemur fram að fyrirtækið hafi verið fengið til að vinna úttekt á gróðurfari á athugunarsvæði framkvæmdar með áherslu á svæði þar sem búast má við beinu raski.

Í matsáætlun eru settar fram margar matsspurningar varðandi ofangreinda umhverfisþætti og leggur Skipulagsstofnun áherslu á að í umhverfismatsskýrslu komi fram skýr svör við þessum spurningum.

Grunnvatn – Vatnshlot

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhuguð rannsóknarsvæði í Hverahlíð II og Meitlum (suður) séu að hluta til innan fjarsvæðis vatnsverndar og nái inn á grannsvæði. innan framkvæmdasvæðis eru grunnvatnshlotin Selvogsstraumur (104-290-G) og Ölfusstraumur (103-267-G). Fyrir liggur stefnumörkun Vatnaáætlunar 2022 - 2027 og samkvæmt henni má ástand vatnshlota ekki hnigna. Sett eru fram umhverfismarkmið um grunnvatnshlot að þau eigi að vera með góða magn- og efnafræðilega stöðu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ef áhrif á umhverfismarkmið og gæðaðætti sem notaðir eru til að meta ástand grunnvatns eru skoðuð vandlega í umhverfismatinu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun telur Umhverfisstofnun að umfang matsins varðandi áhrif á grunnvatn sé fullnægjandi. Þá er í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bent á að í umhverfismatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir því hvernig staðið verði að framkvæmdum innan vatnsverndarsvæða m.t.t. ákvæða reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.



Í matsáætlun eru settar fram greinargóðar matsspurningar varðandi mat á áhrifum á grunnvatn og vatnshlot sem mikilvægt er að skýr svör liggi fyrir um í umhverfismatsskýrslu. Að öðru leyti gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemdir við umfjöllun og áform Orkuveitunnar um mat á áhrifum á grunnvatn og vatnshlot sem fram koma í matsáætlun en ljóst er að ítarlegt eftirlit er og verður með grunnvatnsforða á Helligheiðarsvæðinu á vegum Orkuveitu Reykjavíkur og fyrir liggja umfangsmikil gögn um grunnvatn á svæðinu.

Hávaði

Í matsáætlun kemur fram að helsti áhrifaþáttur fyrirhugaðra framkvæmda á hljóðvist er hávaði við borun og ef holur eru láttnar blása í afkastaprófunum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að hávaði frá núverandi vinnsluholum í Hverahlíð í blæstri geti borist við viss skilyrði til Hveragerðis og valdið þar ónæði. Umræddar vinnsluholur eru í um 7 km fjarlægð frá íbúðarbyggð í Hveragerði en nýjar vinnsluholur verða í um 5 m fjarlægð. Eftirlitið telur að útvíkka ætti athugunarsvæði umhverfismatsins vegna hljóðvistar þannig að það nái til Hveragerðis og hverasvæðisins við Skíðaskálann í Hveradölum sem er nokkuð sótt af ferðamönnum.

Fyrir liggur að fyrirhugaðar borholur Hverahlíðar II og Meitla eru innan svæðis sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020 – 2036 vegna útivistar. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að í umhverfismatskýrslu verði lagt mat á áhrif hávaða vegna borunar og blásturs borhola og að það mat taki til bæði útivistarfólks á hverfisverndarsvæðinu sem og til Hveragerðis.

Reykjavík, 14. febrúar 2024

Jakob Gunnarsson

Jón Ágúst Jónsson

